

Hugmyndir um
„Lausnaleit“
skimun styrkleika






í Grundaskóla



Grundaskóli
Akranesi

Hugmyndir um lausnaleit og skimun styrkleika.


Lausnaleit og skimunarvinna okkar gengur út frá samtalshugsun og samvinnu aðila í leit að sameiginlegri lausnarleið/leit. (Ekki útfyllingarlisti eða talnakvarði).

Fyrstu þrjú lögin    varða innra skipulag skólans en tvö síðari   ytra skipulag. Vinnan miðar sérstaklega að fyrstu þremur lögunum í skipulaginu. Hér er unnið í samræmi við vistkerfishugmyndir („Laukinn“) þar sem hvert lag hefur víxlverkandi áhrif á annað í starfinu.

Um er að ræða sama ferli í vinnu annars vegar með og fyrir nemendur skólans og hins vegar tengt ráðgjöf fyrir foreldra og forráðamenn. Í þessu skjali er skimunarvinnu með og fyrir nemendur fylgt eftir.

Markmiðið er að bæta þjónustu við börn og foreldra, gera starf okkar markvissara, nýta fjármagn og bjargir betur og síðast en ekki síst að ná meiri árangri í starfinu.

(Sjá hér heildarskipulag sbr. hugmyndir um vistkerfi (laukinn)).



Samvinna – Traust - Virðing

Í lausna- og skimunarvinnunni er gert ráð fyrir fimm lögum heildarkerfis en starf okkar beinist sérstaklega að fyrstu þremur lögum eins og fyrir segir. Það er nemandinn sjálfur, námsrýmið sem unnið er í og með og þriðji þátturinn er skólinn sem stofnun.

Heildarskipulag er sem hér segir:

A. NEMANDINN:

Virkur þátttakandi – Tilheyrir – Útgangspunkturinn – Kjarninn.

Hér er þarfagreining lögð til grundvallar

B. NÁMSRÝMI/TENGLI OG TÆKIFÆRI:

Persónubundið ferðalag – Merkingarbær námstækifæri – leiðbeinandi námsmat og starfsaðferðir – Auðlindir og sóknarfæri – Auka námshæfni – Opin hugsun um námsleiðir og markmiðasetningu – Opni skólinn - Þátttaka foreldra

C. SKÓLINN SEM STOFNUN:

Menntasýn og skipulag stoðþjónustu – Starfsþróun – Hlutverk ólíkra stétta og liðsheiminn innan skólasamfélags – Forysta - Innra gæðamat.

D. UMGJÖRD SVEITARFÉLAGS:

Menntastefna - Fjárveitingar – Mönnun – Ás, tvistur, þristur - Skipulag og skuldbindingar — ytri skólaþjónusta – Félags- og sálfræðiþjónusta o.fl.

E. RÍKISVALDIÐ:

Aðalnámskrá - Lög og reglu/gerðir – Kennaramenntun/Fagaðilar – Ytra gæðamat o.fl.

A hluti

NEMANDINN:

Virkur þátttakandi – Tilheyrir – Útgangspunkturinn – Kjarninn -þarfagreining.


- Við lítum aldrei á nemandann eða barnið sem vandamál.
- Hvert barn er tilgangur starfs og um það snýst málið.
- Er skólinn að mæti þessu barni og þjónusta það sem best á sínum styrkleikum.
- Snemmtæk lausnaleit og skimun styrkleika, stuðningur eða markviss íhlutun og forvarnir eiga að tryggja framgang mála innan stoðþjónustunnar.
- Aðkoma okkar snýr að lausnum en ekki meintum vandamálum.
- Barnið tilheyrir því umhverfi sem við vinnum í og hlutverk okkar er að skapa persónubundið námsferðalag sem eflir viðkomandi einstakling.
- Mikilvægt er að hver nemandi sé virkur þátttakandi í þessu ferli og hafi áhrif á ferðalagið sitt um menntakerfið. Hvað vill viðkomandi gera, hvar liggur áhuginn o.s.frv.
- Kjarninn snýr að því að skoða hindranir sem eru til staðar og skapa raunveruleg tækifæri fyrir börn til að blómstra á eigin forsendum.
- Markmiðið er að efla námshæfni allra nemenda með fjölbreyttum, persónubundnum og opnum starfsaðferðum.
- Lykil spurningar geta verið; Er til betri leið? Hafa menn tillögu um aðrar lausnaleiðir en farnar hafa verið til þessa? Í hverju liggja sóknarfærin? Hverjir eru styrkleikarnir?
- Til grundvallar er þarfagreining sbr. uppeldisstefnu skólans
- Lausnarleið okkar er skipt upp í s.k. „mengi“ sem eru 11 lykilefni eða útgangspunktur sem við reynum að afmarka ferlið um. Undir hverju mengi eru síðan leiðandi undirþættir sem við styðjumst við eða einskonar vegvísar um mögulegar leiðir í persónubundnu námsferðalagi.

Mengi:

- ❖ **Hugmyndir barns**
- ❖ **Almenn líðan**
- ❖ **Vinátta**
- ❖ **Hefur styrkleikum/áhugasviði verið mætt**

- ❖ Námsstaða
- ❖ Þroski
- ❖ Líkamslegir þættir
- ❖ Tilfinningalegir þættir
- ❖ Tungumál
- ❖ Staða máls (tímasetningar)
- ❖ Hindranir í námsumhverfi

- Grunnpunktur vinnu – Upphafið – nemandinn sjálfur og þarfir hans



B hluti

NÁMSRÝMI /TENGL OG TÆKIFÆRI:

Persónubundið ferðalag – Merkingarbær námstækifæri – leiðbeinandi námsmat og starfsaðferðir – Auðlindir og sóknarfæri – Auka námshæfni – Opin hugsun um námsleiðir og markmiðasetningu – Opni skólinn - Þátttaka foreldra.

Í hverju „mengi“ eru ákveðnir undirþættir sem leiðbeina okkur í átt að mögulegri lausn eða lausnarleit. Undirþættirnir geta vel verið fleiri eða einhverjir ekki átt við í tilteknum verkefnum. Það er faglegi hluti samtalsins sem leiðir okkur áfram og vísar á hvað er viðeigandi í hverju tilfelli fyrir sig. Með öðrum þá er þetta ekki sjálfvirkur spurningalisti heldur vegvísir til stuðnings í samtali og samvinnu milli aðila.

Mengi:

❖ Hugmyndir barns

- Hvernig upplifir barnið stöðuna
- Hugmyndir barns um næstu skref
- Sýn barns á eigin mál

❖ Almenn líðan

- Hverjar eru fjölskylduaðstæður
 - Menningarmunur
 - Trúarbrögð
- Hreyfing
 - Ónóg hreyfing
 - Þátttaka í íþróttum
 - Félagsstarf
- Nægur svefn
 - Ungmenni þurfa 10 klst. svefn
 - Rútína/svefnvenjur

- Áföll
 - Hver
- Álag vegna tækja/tækni
 - Sjónvarp
 - Tölvur
 - Símar
 - Leiktæki/spil/snjalltæki

❖ **Vinátta**

- Fáir vinir
 - Viðvarandi
 - Ný staða
 - Mögulegar ástæður stöðu
- Félagslegur styrkur
 - Hvernig lýsir það sér
 - Kostur eða galli
 - Mögulegar ástæður stöðu

❖ **Hefur styrkleikum/áhugasviði verið mætt**

- Hvar liggur áhugi viðkomandi
 - Styrkleikar
 - Áhugaverð viðfangsefni
 - Ræktunarsvæði til að gera meira
 - Tillögur um skref

❖ **Námsstaða**

- Einstakar námsgreinar
 - Hvar gengur best
 - Af hverju
 - Hvað er hægt að byggja á

- Almennt
 - Viðhorf til náms
 - Sýn á skólastarf
 - Vinnubrögð
- Yrt eða óyrt verkefni barns
 - Er eitthvað sem skýrir stöðu
 - Eitthvað sem menn hafa ekki unnið með
 - Leiðir til að gera betur

❖ **Þroski**

- Er námsumhverfi í samræmi við aldur og þroska
 - Að hvaða leiti
 - Að hvaða leiti ekki
 - Hvað má bæta

❖ **Líkamlegir þættir**

- Kynþroski
 - Líkamlegar breytingar
 - Tilfinningar
 - Félagsþroski
 - Kynáttun
- Sjón
- Heyrn
- Næring
- Skynjun (skynúrvinnsla)

❖ **Tilfinningalegir þættir**

- Þunglyndi
- Áráttuhegðun
- Kvíði
- Hvatvísi

- Annað
 - Persónuleiki
 -

❖ Tungumál

- Almennur skilningur
- Talörðugleikar
- Annað málumhverfi



❖ Staða máls (tímasetningar)

- Er málið nýtt
 - Hvernig lýsir það sér
 - Leiðir til lausnar
- Á málið forsögu
 - Hvað hefur áður verið gert
 - Hvað gafst vel
 - Nýjar hugmyndir um leiðir

❖ Hindranir í námsumhverfi

- Hvað veldur vanda?
 - Hvernig er hægt að bæta
 - Hugmyndir um breytingar
 - Hvað hefur gefist vel
 - Tillögur

Hér kemur teikning þar sem þetta er allt listað upp sbr. okkar lista hér á undan!!!
T.d.



C hluti

SKÓLINN SEM STOFNUN:


Menntasýn og skipulag stoðþjónustu – Starfsþróun – Hlutverk ólíkra stétta og liðsheild innan skólasamfélags – Forysta - Innra gæðamat.

Stoðþjónusta Grundaskóla er skipt í þrjú þrep. **Fyrsta þrep**, er almennur stuðningur undir verkstjórn umsjónarkennara í hverjum árgangi. Oft vill gleymast að með markvissri vinnu og skapandi kennsluháttum má mæta mörgum af þeim verkefnum sem annars kalla á aðkomu stoðþjónustuaðila. Ekki gert ráð fyrir að stuðningsaðili fylgi barni á 1. þrepi án skilgreindra markmiða og reglulegs endurmats.

Annað þrep, er markviss ígrundun en á því stigi bætast inn stuðningsfulltrúar og fagaðilar. Tímamörk geta t.a.m. haft áhrif á milli stiga. Á fyrstu tveimur þrepunum eiga einnig allflest mál að leysast eða fá afgreiðslu.

Þriðja þrep, sérhæfð íhlutun, er þrep ætlað alvarlegustu og erfiðustu málunum sem skólinn kemur að í samstarfi við félagsþjónustu og aðra aðila er tengjast viðkomandi máli. Hér erum við að ræða um mál sem eru frá þriðja til fimmta lagi vistkerfisins (lauksins).

Grundaskóli leggur upp með að allir noti **græna blaðið** fyrir samræmdar upplýsingar og mótun á persónubundið námsferðalag. Við mótun kennsluaðferða er horft til hugmynda um altæka hönnun náms (sjá skýringarmynd).




Áhersla er á virka teymisvinnu í öllum aldurshópum og vinnubrögð skólafólks samhæfð sbr. ein/tvennd og þrennd. Fagaðilar skiptast á teymi og svæði m.t.t. uppskiptingar frá skólastjórn og nemendaverndarráði.

Skólastjórnendur hafa faglega forystu við innleiðingu kerfis og virkjun lausnaleiða í anda opna skólans. Alls starfa fjórir tengiliðir í skólanum sem skipta með sér röðun nemenda á aldurshópa. Því til viðbótar er mikil áhersla á góða ráðgjöf og leiðsögn við bæði starfsfólk og foreldra.

Skólastjórn Grundaskóla mun innleiða innra gæðakerfi (BravoLesson) sem hefur það að markmiði að fylgja áherslum skólans og mennta sýn eftir.

Heildarskipulag Grundaskóla: (Sjá skýringarmynd).



Grundaskóli á skólanámskrá sem styðst við menntastefnu sveitarfélagsins, aðalnámskrá grunnskóla og gildandi lög og reglugerðir.

D hluti

UMGJÖRD SVEITARFÉLAGS:

Menntastefna - Fjárveitingar - Mönnun - Ás, tvistur, þristur - Skipulag og skuldbindingar — ytri skólaþjónusta - Félags- og sálfræðiþjónusta o.fl.

Akraneskaupstaður hefur sett og samþykkt menntastefnu sem gildir fyrir sveitarfélagið. Starfsfólk Grundaskóla, í samstarfi við bæjaryfirvöld, reynir að fylgja settri stefnu eftir.

sjá: https://www.akranes.is/static/files/4.Skoli/menntastefna_samthykkt-i-baejarstjorn-28.5.2024.pdf

Í fjárhagsáætlun er Grundaskóla skapaður ákveðinn fjárhagsrammi er varðar m.a. mönnun skólans og helstu útgjaldaliði. Einn þessara liða er kennslukvóti og úthlutun til stoðþjónustu. Þessi úthlutun er í sífelldri endurskoðun og tekur breytingum miðað við nemendafjölda og nemendasamsetningu. Um er að ræða almenna úthlutun og úthlutun vegna sérkennslu.

Í vinnslu mála er nemendum skipt eftir þjónustuþyngd í það sem kallast ás, tvistur og þristur. Megin þungi skólaþjónustu er innan skólastofnana bæjarfélagsins en starfsemin nýtur stuðnings skólasviðs í sérmálum s.s. varðandi sálfræðiþjónustu, félagsþjónustu og frístundaþjónustu.

Ferlið er að áhersla er lögð á snemmtæk inngrip og hlutverk verkefna á gólfinu. Dugi úrræði skólans ekki s.s. persónubundnar námsáætlanir, úrræði opna skólans, hefðbundin úrræði stoðþjónustu og markviss ráðgjöf kann niðurstaðan að vísa málum í greiningarferli eða úrvinnslu á sviði þáttar D í vistkerfinu (lauknum).

Upplýsinga- og skimunarvinna er því á vissan hátt grunnur að mögulegri greiningarvinnu og stefnt er að vinnan gagnist í allri vinnu fyrir viðkomandi barn og er hluti af heildar farsældarþjónustu. Skólasvið Akraneskaupstaðar hefur einnig eftirlit með starfinu og kemur að bæði innra og ytra mati. Skólaþjónusta varðar m.a. eftirfarandi þætti er mynda í heild farsældarþjónustu sveitarfélagsins. (sjá mynd).



E hluti

RÍKISVALDIÐ:

Aðalnámskrá - Lög og reglugerðir – Kennaramenntun/Fagaðilar – Ytra gæðamat o.fl.

Ríkisvaldið setur ytri ramma um skólahlald með menntastefnu, lögum og reglugerðum. Þar ber helst lög um grunnskóla og gildandi aðalnámskrá fyrir grunnskóla.



Ríkisvaldið markar einnig ákveðinn ramma um skólahlald með kennaramenntun og menntun annarra fagaðila í skólum.

Menntamálaráðuneytið heldur utan um ytra gæðamat og marga aðra þætti sem hafa áhrif á skólastarfið og þróun þess,

Ríkisvaldið veitir sveitarfélögum stuðning í úrvinnslu sértækra mála er varðar börn sem þurfa á sértækri þjónustu að halda s.s. tengt félagslegum þáttum og heilbrigðisþjónustu. Hinar ýmsu undirstofnanir annast umsýslu um slík mál er byggja á grunnvinnu skólanna og öðrum greiningum fagaðila.